

**Ed.**

## **760. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:

Stofna skal váttryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenskum skipum eða skipum í íslenskri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem tynist án þess að til spyrjist, hversu tynzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

### **2. gr.**

Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.